

Aðalfundur Félags hundaeigenda á Akureyri, 3. febrúar 2022.

Fundur settur kl. 20:06

1. María kosin fundarstjóri, Harpa kosin ritari
2. Skýrsla stjórnar, Melkorka fráfarandi varaformaður fer yfir starfsemi ársins.

Skýrsla stjórnar Félags Hundaeigenda á Akureyri (FHA) fyrir árið 2021

Árið 2021 var viðburðarlítið vegna Covid 19 enn og aftur. Náðum við þó að fara í 3 hundagöngur, halda happdrætti og deila út jólagjöfum.

Hundagöngurnar þrjár voru mismikið sóttar en er ætlun félagsins að halda þeim áfram á nýju ári.

Hið árlega happdrætti heppnaðist stórkostlega vel og er það okkur mikið ánægja að segja frá því að lagðar voru inn kr. 142.000 á reikning Dýrahjálpar sem er nýtt söfnunarmet. Viljum við þakka fyrir stuðninginn fyrir hönd Dýrahjálpar.

Haldinn var einn fundur með fulltrúum Akureyrarbæjar. Heppnaðist sá fundur mjög vel. Kom í ljós að leit er hafin að nýju hundasvæði þar sem að ljóst er að áætlaðar eru framkvæmdir á Borgum en höfum við afnot af svæðinu út þetta ár. Tillögur að nýju svæði innan bæjarmarka eru vel þegnar. Einnig er verið að standsetja spurt og svarað síðu fyrir hundaeigendur á Akureyri og vonum við að sú síða komi fljótlega í loftið. Ef félagsmenn hafa spurningar sem þeim finnst sniðugt að ætti að vera á slíkri síðu þá er hægt að senda okkur þær og við komum þeim áfram til rétttra aðila.

Jólagjafirnar voru afhentar í húsnaði Fjölsmiðjunnar rétt fyrir jól og var boðið upp á kaffi, kakó og smákökur. Fannst mörgum gott að kíkja við og taka stutt spjall við stjórnarmeðlimi. Einnig veittist okkur sú ánægja að geta boðið upp á að fólk gæti sótt gjafirnar sínar í Gæludýr.is. Vonum við að það samstarf sem hafið er við þau geti haldist áfram á nýju ári, sérstaklega þar sem að hægt er að taka með okkar fjórfættu vini í heimsókn þangað.

Komnar eru fram alls konar hugmyndir um fyrirlestra og kynningar og vonandi getum við farið að efla félagsstarfið þegar að Covidíð lægir.

Einnig er í skoðun að halda rafræna fyrirlestra þannig að sem flestir geti tekið þátt og einnig ef að fyrirlesari hefur ekki möguleika á að mæta í eigin persónu.

Fyrir hönd stjórnar
Birna Ásgeirsdóttir – formaður

Engar athugasemdir en fyrirspurn úr sal hvort það hafi komið til umræðu um að stjórn sé með „opið hús“ þar sem félagsmenn geti komið og spurt spurninga.

Svar: hér áður fyrr voru haldnir kaffihúshittingar en þeir hafi jafnan ekki verið vel sóttir og þar af leiðandi fallið niður. Það er jafnframt í lögum að félagsmenn geti kallað eftir að haldinn verði félagsfundur um ákveðin mál en aldrei hafi komið beiðni um það.

3. Ársreikningur félagsins lagður fram og farið yfir hann. Félagið eyddi litlu á síðasta ári, engir fyrirlestrar og lítið um skemmtilegheit og einnig var lítil kostnaður í kringum jólagjafir félagsins. Það er ekki æskilegt að félagið eigi mikinn sjóð og því stefnum við á geta haft skemmtilega og fræðandi fyrirlestra á árinu. Við óskum eftir hugmyndum frá félagsmönnum.
4. Ein breytingartillaga barst félaginu fyrir aðalfund og var hún send á félagsmenn til kynningar fyrir fundinn. Rætt um á fundinum hvernig breytingartillagan er til komin, einstaklingur bauð sig fram til stjórnar en óvíst var hvort hann mætti það vegna búsetu utan þeirra póstnúmera sem tilgreind eru í gr. 2 í lögum félagsins. Aðeins rætt um hvernig póstnúmerabreyting hefur verið áður í lögum félagsins.

Tillagan rædd á fundinum. Allir sem eru félagsmenn geta nýtt sér fríðindin sem fylgja félagsaðild, óháð búsetu. Hins vegar er aðeins erfitt að sjá hvað stækkun svæðisins felur í sér. Allt í einu gætu farið að koma kröfur um t.d. hundasvæði á Siglufirði eða annarsstaðar á svæði félagsins en það gæti verið erfitt og kannski ósanngjarnt ef aðeins eru t.d. 3 félagsmenn á Siglufirði að nota mikinn tíma stjórnar í þá vinnu. Auk þess er mjög erfitt að fólk í sjálfböðastarf núorðið og því gæti umræðan snúist gegn félaginu. Þetta gæti þó kannski verið í framtíðarsýn, stjórnarmeðlimur frá hverju þéttbýliskjarna í Eyjafirði.

Fólk sammála um að þetta sé vissulega áhugaverð hugmynd en illómöguleg í framkvæmd í dag, mörg sveitafélög sem liggja undir og ekkert þeirra t.d. með sömu hundasamþykkt.

Á fundinum voru aðeins mættir 7 félagsmenn, náðum ekki 5% mætingu og því spurning hvort það sé réttlætjanlegt að fundurinn ráði svona stórri breytingu með kosningu.

Lagt til að tillagan verði felld vegna þess hve fáir eru mættir en sjálfsagt að skoða hvort svona stækkun gæti gengið upp seinna meir, betra að fara varlega af stað og að allir verði sáttir með þá niðurstöðu sem fæst að fenginni skoðun.

Lásum betur yfir lagagrein 2 og eftir umræðu eru allir sammála um það að þetta póstnúmera ákvæði eigi aðeins við þá sem eru að bjóða sig fram til formanns. Allir geta verið félagsmenn, óháð búsetu, allir geta boðið sig fram til stjórnar, óháð búsetu, formaður verður að hafa lögheimili í póstnúmerum 600-606.

Kosning: tillagan felld með öllum 7 atkvæðum.

5. Kosning formanns og annarra stjórnarmeðlima:

Lena Tómasdóttir ein í framboði til formanns og því sjálfkjörin, allir styðja það.

Þrír í sitjandi stjórn, áður nefnd Lena, Birna Ásgeirsdóttir og Mjöllnir Narfi Ágústsson.

Vantar 4 í stjórn og 2 í varastjórn.

Framboð höfðu borist fyrir fundinn og einnig 1 sem bauð sig fram á fundinum, náðum þar með tilskyldum stjórnarfjölda og ný stjórn samþykkt með öllum atkvæðum.

Í stjórn bætast við:

Melkorka Gunnlaugsdóttir, María Björk Guðmundsdóttir, Einar Ingi Einarsson og Ólafur Pálmi Agnarsson.

Í varastjórn eru:

Kolbrún Reynisdóttir og Kristbjörg Björnsdóttir

Við hlökkum til að fá þetta góða fólk í stjórn.

6. Önnur mál

Nú verður farið á fullt að vinna í heimasíðu félagsins en hún hefur lengi verið til leiðinda.

Rætt um „spurt og svarað“ um hundamál sem Akureyrarbær hefur sett á vefinn sinn. Nefnt að hundasamþykkt Akureyrarbæjar sé orðin verulega þreytt og lúin og þarfnast endurskoðunar. Mætti gera hana nútímalegri með tilliti til þess að hundar eru orðnir svo stór þáttur í samfélaginu í dag og það mætti gjarnan endurskoða ákveði eins og t.d. að leyfa hundum að fara í strætó, veitingastaði og þess háttar. Einnig mætti uppfæra listann yfir bannaðar hundategundir og væri nær að vísa í síðu hjá Mast.

Það kom fram að stjórn situr reglulega fundi með bænum og verða fastir fundir 2-4 sinnum á ári eftir tilefnum. Hundasamþykktin sé reyndar komin í endurskoðun og mun stjórn félagsins skoða það með starfsfólki bæjarins.

Nefnt að gott væri að vita í hvað hundaleyfisgjöldin fara en það er einfalt að fá þær upplýsingar hjá bænum, einfaldlega að senda fyrirspurn. Það er ákveðinn kostnaður sem fylgir hundahaldi og á meðan fólk skráir ekki hundana sína, eins og samþykktir kveða á um fellur kostnaðurinn á þá sem skrá þá samviskusamlega.

Félagi nefndi lóðatíkur á hundasvæðunum. Óþolandi ástand og alveg magnað að fólk skuli mæta með lóðatíkur á svæðin. Mikið sömu aðilarnir og búið að margbenda fólki á að þetta er bannað. Það er skilti frá Akureyrarbæ á báðum hundasvæðum sem sýna þetta svart á hvítu. Skiltið á Borgum þarf að færa, fólk er ekki að átta sig á þessu.

Nefndar hugmyndir að fyrirlestrum:

Tryggingamál hunda, af hverju erum við með hundana tryggða? Hvað fáum við út úr tryggingum? Hver eru álitamálin? Og margt fleira.

Skyndihjálparnámskeið, þegar búið að nefna það og undirbúa en ekki festa niður dagsetningu.

Umgengni hunda, hvernig er fólk að mætast á göngu, á hundasvæðum og í fleiri aðstæðum. Hreinlæti, feldhirða, eyru, tennur, klær og þess háttar.

Ræddum aðeins um nýtingu Fjölsmiðjunnar og salinn hjá Gæludýr.is. Frábært að geta fengið afnot af þessum tveimur stöðum eftir því hvað við erum að gera. Margir sem komu og sóttu jólagjafirnar í Fjölsmiðjuna sem langaði að hafa hundinn sinn með en það má ekki. Væri gaman að bjóða upp á það næstu jól. Erum mjög þakklát fyrir að geta leigt sal Fjölsmiðjunnar og erum einnig gífurlega þakklát fyrir hvað Gæludýr.is reyndust okkur vel en félagsmenn gátu farið til þeirra og sótt jólagjafir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:45.

Stjórn þakkar þeim sem komu á fundinn og þakkar fyrir góð innlegg og góðar samræður.